

27. ágúst 2024

Kæru foreldrar

Með þessu bréfi viljum við svara þeim spurningum sem fram komu á foreldrafundi í vor. Við vonum að þessar skýru línur hjálpi öllum að leggja þessa krefjandi en ævintýrlegu ferð að baki.

Ferðin var farin á vegum BÍS og var fararstjórn vinnuhópur á vegum BÍS. Uppgjör og bókhald ferða og viðburða BÍS er á ábyrgð fjármálastjóra. Reglugerð BÍS um utanfarir er skýr þegar kemur að því að kostnaður ferðar bókast á ferðina og var því skylt að gera svo við þessa ferð eins og aðrar. <https://skatarnir.is/reglugerd-utanferdir/>. Skrifstofa BÍS er rekin að miklu leiti af þeim verkefnum sem hún sinnir auk styrkja. Gert er ráð fyrir 5-10% umsýslugjaldi af öllum viðburðum, námskeiðum og ferðum BÍS, eftir umfangi þeirra. Raun umsýslukostnaður skrifstofu með aukavinnu vegna viðbragðs var um 10% af heildargjaldi en það er sama hlutfall kostnaður og hefur verið áætlaður á ferðir á alheimsmót á síðustu mót.

Við upphaf verkefnis var sett upp fjárhagsáætlun sem samþykkt var af BÍS og er uppgjörð sem fylgir þessu bréfi sett upp í samræmi við hana. Í henni var gert ráð fyrir föstum umsýslukostnaði skrifstofu og varasjóði ferðar eins og verklag er fyrir í öllum ferðum og viðburðum BÍS. Á meðan lokaundirbúningi og framkvæmd ferðar var stuðst við vinnuskjal fararstjórnar yfir breytilegan kostnað. Vegna aðstæðna á mótinu og kostnaðar sem féll til við framkvæmd þess voru allir varasjóðir nýttir og vel það. Starfsmenn og allir sjálfboðaliðar sem unnu við ferðina lögðu fram vinnuframlag langt fram yfir það sem hingað til hefur tíðkast, til þess að tryggja að góða upplifun og öryggi þátttakenda.

Almenn umsjón skrifstofu með ferðinni á Alheimsmót 2023 hófst áður en fararstjórn tók til starfa og er enn í gangi, en í skrifstofuteyminu sem sinnti verkefnum WSJ voru tveir erindrekar, fjölmiðlastýra, fjármálastjóri, bókarí, framkvæmdastjóri og svo verkefnastjóri ferðarinnar:

1. Skýring 1. Umsýslukostnaður skrifstofu frá því að vinna hófst við mótið árið 2021 og til áramóta 2023/2024
  - a. Fjölmiðlastýra teiknaði og hannaði fararmerki hópsins, setti upp í grafík og sá um öll samskipti við framleiðanda. Það átti einnig við um töskumerki. Einnig teiknaði hún og setti upp merki hveirrar sveitar. Hún sá um allar auglýsingar sem birtust á samfélagsmiðlum skátanna til að auglýsa skráningu í ferðina, og allar auglýsingar og fréttir sem birtust á miðlum skátanna þar til heim var komið.
  - b. Erindrekar sáu um útkall og auglýsingar þegar leitað var eftir fararstjórum fyrir ferðina. Þau sáu um undirbúning skráningar á sportablar, settu upp þá skráningu og leiðbeindu þeim sem leituðu til skrifstofu um skráningar og greiðsludreifingu. Sá einnig um öll samskipti sem bárust á skrifstofu í tölvupósti og síma, við fararstjórn, fararhópin og foreldra þar til að starfsmaður var ráðinn til að sinna ferðinni sérstaklega. Þá sá erindreki líka um bókanir á fundarrýmum, uppsetningu tölvunetfanga og tölvuaðgangstýringu fyrir fararstjórn.
  - c. Fjármálastjóri vann með fararstjórn við bókanir, pantanir og greiðslur. Vegna umfangs ferðar var flókin umsýsla sérstaklega í tengslum við flugbókanir og greiðslur. Fjármálastjóri átti í miklum samskiptum við fulltrúa fararstjórnar vegna fjárhagsáætlunar. Fjármálastjóri var kallaður úr sumarfríi ítrekað til að senda greiðslur á meðan mótinu stóð til að bregðast við breytingum á plönunum.

- d. Bókari sá um að bóka allar greiðslur og samræma, afstemma hverja færslu í sportabler við kreditkortayfirlit. Athugið að hverja færslu fyrir hvern og einn í fararhópnum þurfti að staðfesta sérstaklega, líklega yfir 1800 færslur.
  - e. Verkefnastjóri landsmóts og WSJ hóf störf í janúar 2023. Hún tók þá alla bolta sem bárust skrifstofu og snéru að ferðinni, símtöl og tölvupósta fararhóps og foreldra. Hún sendi út fjöldapósta frá fararstjórn, sá um pantanir á einkennum ferðar og sinnti úthlutun þeirra einnig. Töluverð vinna verkefnastjóra fór í að hagræða og laga skráningar og greiðslur í sportabler en þar sem sportabler gerir ekki ráð fyrir að skipta í fleiri greiðslur en 12, þurfti að handfæra hverja rúkkun inn í kerfið og bókari þurfti að handvirk staðfesta hverja greiðslu.
2. Skýring 2. Sumarið sem ferðin var farin var nýr framkvæmdastjóri að taka til starfa og var í aðlögun hjá þá starfandi staðgengli framkvæmdastjóra. Á meðan ferðinni stóð þurftu báðir þessir aðilar að vinna við viðbragð vegna aðstæðna mótsins nánast allan sólahringinn. Hefur töluverð vinna beggja aðilla eftir mót einnig farið í eftirvinnslu, samskipti og stuðning. Framtaldir tímar voru eingöngu hluti þeirra tíma sem unnir voru. Á meðan mótinu stóð var verkaskipting þessara tveggja aðila svo.
- a. Ragnar Þór nýr framkvæmdastjóri sá um samskipti við utanríkisráðuneytið, menntamálaráðuneytið, yfirvöld í Kóreu, heimsskrifstofu WOSM, sendiherra Íslands í Tokyo, hafði innlegg í fund utanríkisráðuneyta norðurlandanna, auk þess að taka fundi daglega með fulltrúum fararstjórnar, eiga samskipti við gististað og rútur fyrir flutning, fara yfir reikninga og setja upp samninga, panta flug og fleira tilfallandi. Ragnar var kallaður úr sumarfrí til þess að vinna í viðbragðsteyminu og vegna samskipta við Asíu var unnið margar nætur til viðbótar við dagvinnu.
  - b. Harpa Ósk fráfarandi afleysingar framkvæmdastjóri var í samskiptum við þá foreldra sem leituðu til skrifstofu eftir upplýsingum, við félagsforingja sem áttu þátttakendur í ferðinni, sveitarforingja og IST liða sem voru í ferðinni og þurftu aukalegan stuðning, dagleg samskipti og tilkynningar til fjölmiðla, samskipti við veðurfræðing sem var með séreftirlit með mótssvæðinu, samskipti við fararstjórn nokkrum sinnum á sólahring, samskipti við skátabandalög á norðurlöndum og alþjóðafulltrúa Íslands. Harpa virkjaði og stýrði samhæfingu viðbragðsteymis sem í voru stjórnarfolk og aðrir reynsluboltar, meðal annars barnahjúkrunarfræðingur, barnasálfræðingur, sérfræðingur í áfallastjórnun og fjölmiðlaráðgjafi. Þessir einstaklingar viðbragðsteymis unnu öll í sjálfböðavinnu fyrir hópinn. Harpa tók á móti öllum flugvélum sem fluttu fararhópana heim með sálfræðingi viðbragðsteymisins, skipulagði viðrunarfundi IST liða, sveitarforingja og fararstjórnar í samstarfi við Samskiptaráðgjafa Íþróttar og æskulýðsstarfs.
  - c. Til viðbótar voru starfsmenn BÍS sem unnu auka vinnu á meðan ferðinni stóð. Fjármálastjóri BÍS var kallaður út ítrekað í sumarfrí til að sjá til þess að viðbótarfjármagn sem þurfti til að breyta og bæta við dagskrá eftir brottför af mótssvæði gæti borist til fararstjórnar. Verkefnastjóri ferðarinn vann einnig yfirvinnu við samskipti.

Varðandi spurningar um stuðning við börn eftir að heim var komið var það ráðgjöf fagaðila að haga viðbragði á þessa leið

- Móttaka í Leifsstöð þar sem skátahöfðingi, sálfræðingur, fulltúrar skátafélaga taki á móti hópnum, ræði við foreldra eftir atvikum, heilsu krökkunum og sálfræðingur tilbúinn að bregðast við ef á þarf að halda.
- Þeir sjálfböðaliðar sem fóru í ferðina fái viðrunarfund og áfallahjálp eftir mati sérfræðinga.

- Foreldrar beri ábyrgð á að meta sín börn og bera ábyrgð á þeirra heilsu eins og almennt er.

Þau börn sem búið var að láta vita að ættu við vanlíðan að stríða í ferðinni fengu strax stuðning við heimkomu með sjálfböðavinnu sálfræðings. Til viðbótar höfðu nokkrir foreldrar samband sem hafa einnig fengið stuðning fyrir sín börn í sjálfböðavinnu. Við umræður á foreldrafundi í janúar var rætt um nokkur börn sem hefðu þurft aukinn stuðning og opnað var fyrir að BÍS myndi styðja sérstaklega við þau.

Varðandi endurgreiðslur frá mótinu hafa tengiliðir okkar hjá WOSM Evrópu og WOSM World fullyrt að engar endurgreiðslur séu væntanlegar frá frá suður Kóreu. Ef einhverjar slíkar greiðslur muni samt berast er það mat stjórnar BÍS að þeim yrði að sjálfsögðu dreift á fararhópinn.

Síðastliðinn vetur fór af stað vinna í að endurgera allt verklag þegar kemur að viðburðahaldi og ferðum BÍS, og tekur það að miklu leyti mið af reynslunni af þessu móti, sérstaklega þegar kemur að verkaskiptingu, mönnun, fjármálaumgjörð, verkferlum og skráningu þátttakenda. Stuðst er við endurmat fararstjórnar, endurgjöf sveitarforingja og IST liða á viðrunarfundum, þáttökukönnunar og athugasemdum foreldra. Þetta endurbætta verklag verður nýtt sem leiðarvísir í samsetningu næstu fararstjórnar og fararhóps.

Stjórn BÍS biðst afsökunar á að loka skil á þessum spurningum hafi dregist með þessum hætti. Við þökkum kærlega góðar ábendingar foreldra sem hafa borist til þess að hægt væri að gera grein fyrir þeim spurningum sem helst hafa brunnið á fólki. Okkur þykir leitt að upplýsingaóreiða hafi komið til vegna óskýrar verkaskiptingar og samskiptaleysis milli stjórnar, starfsfólks og sjálfböðaliða fararstjórnar og að þessi skortur á upplýsingum hafi valdið einstaklingum óöryggi og óvissu. Við tökum fulla ábyrgð á því og biðjum hlutaðeigandi innilegrar afsökunar.